

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 5. stjórnarfundar, haldinn þann 15. mars. 2024 í Reykjastræti 6 kl 12:00 - 14:15

Mætt voru: Óskar Józefsson, Guðrún Þorleifsdóttir og Hermann Hermannsson sem ritaði fundargerð

## Dagskrá fundar:

### 1. Skoðun á fasteignum sem Þórkatla mun kaupa

Stafrænt Ísland verður beðið um að útbúa samþykkisform þar sem eigendur geta veitt heimild til skoðunar á húseign og aðgengi að lykllum, seljendur geta líka veitt heimildina með því að vera á staðnum við skoðun. Formanni falið að ganga frá bráðabirgðasamningi við skoðunaraðila.

### 2. Skjalagerð

Skjalagerð varðandi kaupsamninga og skjöl í tengslum við kvaðir sem þinglýst verður á eignirnar rædd. Einnig rætt um að útbúa þarf nauðsynleg skjöl svo hægt sé að aflýsa a.m.k. hluta þeirra hvað sem hvíla á hluta eigna og Grindavíkurbær mun aflýsa.

### 3. Ráðning framkvæmdarstjóra

Næstu skref í umsóknarferli framkvæmdastjóra rædd, ákveðið að funda með fulltrúa Vinnvinn ráðningarþjónustu á næsta stjórnarfundum n.k. sunnudagsmorgun.

### 4. Altjónshús og brunabótamat

Ákveðið að leita upplýsinga um hvernig sé best að vinna með þær eignir þar sem búið er að færa brunabótamat niður í 0 kr.

### 5. Búseturéttur

Rætt um nauðsynleg skref vegna búseturéttthafa.

### 6. Upplýsingagjöf

Fyrir í dag birti félagið fyrstu fréttatilkynninguna þar sem m.a. kom fram að 334 umsóknir hafa borist með beiðni um kaup félagsins á fasteignum. Ákveðið var að birta fundargerðir stjórnar á vefsvæði félagsins..

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:15.

Óskar Józefsson  
Guðrún Þorleifsdóttir